

56. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 2.2. 2021, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig mættu til fundar undir 7. lið Sindri Óskarsson og Árni Óðinsson frá Landsvirkjun.

Dagskrá:

1. Byggðarkjarni
2. Reglur um umhverfisstyrki
3. Minnisblað um orkunýtingu
4. Umhverfisstefna Fljótsdalshrepps
5. Umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð
6. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, íbúalágmark.
7. kynning á starfsemi Landsvirkjunar 2021 í Fljótsdal.
8. Fundargerðir:
 - a. Fundargerð samráðsnefndar minni sveitarfélaga 21.1.2021
 - b. Fundargerð Almannaþingarnefndar Austurlands 11.1.2021
 - c. Húsnefnd Végarðs 26.1.2021
 - d. Fundargerð stjórnar Brunavarna á Héraði 6.1.2021
 - e. Fundargerð 99. svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs
 - f. Fundargerð 100. Svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs
 - g. Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 11. 12.2020
 - h. Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga 9.12.2020
 - i. Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga 17.12.2020
 - j. Fundargerð Samfélagsnefndar 07.01.2021 og Ársskýrsla Samfélagsnefndar
9. Styrkumsóknir
10. Umsókn Sauðagulls um afnot af Végarði 3.1.2021
11. Skýrsla sveitarstjóra
12. Önnur mál

1. Byggðarkjarni

Sveitarstjóri kynnir málið. Landeigendur í Vallholti eru ekki lengur áhugasamir um sölu eða leigu á landi. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

2. Reglur um umhverfisstyrki

Sveitarstjóri kynnir málið. Fyrir fundinum liggur tillaga að endurskoðuðum reglum varðandi umhverfisstyrk vegna ársins 2021. Sveitarstjórn fór yfir reglurnar og gerði nokkrar breytingar á drögunum, þar á meðal reglum um umsóknarfrest en umsóknir þurfa nú að liggja fyrir í apríllök og ákvörðun sveitarstjórnar á að liggja fyrir í fyrri hluta júní. Sveitarstjóra falið að kynna nýjar reglur fyrir íbúum.

3. Minnisblað um orkunýtingu

Sveitarstjórn fól sveitarstjóra þann 4. ágúst 2020, að skoða virkjunarkosti í sveitarfélaginu. Sveitarstjóri setti á stofn starfshóp með Jóhanni F. Þórhallssyni oddvita, Ingimari Jóhannssyni verkfræðingi og Ingólfi Friðrikssyni lögfræðingi.

Tillaga starfshópsins er að hafinn verði undirbúningur að stofnun félags um orkunýtingu í Fljótsdal sem taki mið af neðan greindum markmiðum:

- Að efla byggð og atvinnulíf í Fljótsdal
- Að stuðla að umhverfisvænni og sjálfbærri nýtingu orku í sátt við aðra starfsemi
- Að þróa orkubúskap á einstökum jörðum sem búskaparform.
- Að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði orkuauðlinda innan Fljótsdalshrepps
- Að veita ráðgjöf og þjónustu um nýtingu orkuauðlinda
- Að veita ráðgjöf um annað það sem telst til orkumála.

Sveitarstjóra falið að vinna að málinu áfram.

4. Umhverfisstefna Fljótsdalshrepps

Sveitarstjóri kynnir málið. Sveitarstjórn samþykkir að hefja vinnu við umhverfisstefnu og gerð á innviðargreiningu, í samstarfi við Austurbrú. Sveitarstjóra falið að taka málið áfram.

5. Umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð

Umsögn Fljótsdalshrepps lögð fram. Á fundi sveitarstjórnar sem haldinn var þann 5. janúar 2021 var sveitarstjóra falið að gera umsögn fyrir sveitarfélagið fyrir skilafrest.

Umsögnin, sem unnin var í samráði við sveitarstjórnarmenn, var undirrituð af sveitarstjóra þann 1. febrúar 2021 og afhent skrifstofu Alþingis sama dag.

Í umsögninni kemur fram eftirfarandi afstaða til frumvarpsins:

Í ljósi þess að ekki hafi farið fram heildstætt mat á kostum og göllum svo víðtækra breytinga, ekki hafi tekist að skapa víðtæka sátt um breytt fyrirkomulag þjóðgarða og að ekki hafi tekist að tryggja nægt fjármagn til rekstrar Vatnajökulsþjóðgarðs, leggist sveitarstjórn Fljótsdalshrepps eindregið gegn því að fyrirbyggjandi frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð verði samþykkt.

Að ekki séu fyrir hendi ástæður eða rök til þess að stækka það svæði innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps sem fært verði undir regluverk þjóðgarða og skipti þá ekki máli hvort þjóðgarðurinn heiti Hálandisþjóðgarður eða Vatnajökulsþjóðgarður. Að í öllum tilvikum skuli það vera háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar að fella landsvæði innan sveitarfélags undir þjóðgarð. Að alltof langt sé gengið í að færa heimildir til að skipuleggja og ákvarða nýtingu lands frá sveitarfélögum og

heimamönnum viðkomandi landssvæða til ríkisvaldsins og þannig gengið á lýðræðislegan rétt íbúanna til að koma að mótun síns nærsamfélags.

6. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, íbúalágmark

Sveitarstjóra falið að vinna að umsögn fyrir sveitarfélagið.

7. kynning á starfsemi Landsvirkjunar 2021 í Fljótsdal.

Frá Landsvirkjun komu Sindri Óskarsson og Árni Óðinsson og sögðu frá starfinu í Fljótsdalsstöð á liðnu ári.

8. Fundargerðir:

- a. Fundargerð samráðsnefndar minni sveitarfélaga 21.1.2021
Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í samráðsnefndar minni sveitarfélaga.
- b. Fundargerð Almannaþingarnefndar Austurlands 11.1.2021
Kynnt.
- c. Húsnefnd Végarðs 26.1.2021
Kynnt.
- d. Fundargerð stjórnar Brunavarna á Héraði 6.1.2021
Í fundargerð Brunavarna kemur eftirfarandi fram:
„Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir tjóni er varð á milli jóla og nýárs vegna stíflu í fráveitubrunni. Um umtalsvert tjón er að ræða og þarf að mæta kostnaði vegna þess með viðbótarfjárframlagi frá sveitarfélögunum þar sem tryggingar félagsins gerðu ekki ráð fyrir tjóni sem þessu. Samkvæmt mati er Haraldur lagði fram er gert ráð fyrir heildarkostnaði vegna þessa upp á um 7,6 millj.kr. sem krefst viðbótarframlags frá sveitarfélögunum upp á um 5,5 millj.kr.“

Samþykkt að óska eftir því við sveitarfélögin að við þessu verði brugðist.
Sveitarstjórn samþykkir viðbótaframlag vegna þessa.

- e. Fundargerð 99. svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs
Kynnt.
- f. Fundargerð 100. Svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs
Jóhann F. Þórhallsson fulltrúi Fljótsdalshrepps í svæðisráði austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs hefur verið kosin formaður svæðisráðsins.
Kynnt.
- g. Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 11. 12.2020
Kynnt.
- h. Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga 9.12.2020
Kynnt.
- i. Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga 17.12.2020
Kynnt.

k. Fundargerð Samfélagsnefndar 07.01.2021 og Ársskýrsla Samfélagsnefndar
Hvortveggja kynnt.

9. Styrkumsóknir

Sögufélags Austurlands sækir um fjárstuðning til uppbyggingar á starfsemi félagsins, sótt er um 15.000 kr.

Samþykkt.

10. Umsókn Sauðagulls um afnot af Végarði 3.1.2021

Sveitarstjóra og húsnefnd falið að ganga frá samkomulagi við Sauðagull í samræmi við bókun húsnefndar s.br. fundargerð 26.01.2021.

11. Skýrsla sveitarstjóra

Framkvæmdir við Fljótsdalsgrund. Hörður Guðmundsson og Jón Helgason smiðir eru að ljúka framkvæmdum við sal og á hann þá að standast brunavarnir.

Kyndistöðin. Verið er að ljúka tengingu á stöðinni við Végarð og verður hún sett í gang innan sólarhrings samkvæmt vitrustu mönnum.

Végarður. Vatnskemmdir eru á gólfum samkomusalar og ekki liggur ljóst fyrir hvernig vatn kemst í húsið. Hefur Birni Sveinssyni verið falið að finna út úr því og gera tillögur um lagfæringar.

Þá hefur Végarður verið fjölmennur vinnustaður undanfarið með um 11 starfsmenn. Unnið hefur verið við pípulagningar, smíðastörf, örnefnaskráningu, viðburðarstjórnun, Fagra framtíð, Óbyggðasetur, Sauðagull og sveitarstjórnarmál.

Snjómokstur hefur verið töluverður í dalnum og hefur Sveinn Ingimarsson og Vegagerðin séð um moksturinn.

12. Önnur mál

Ósk frá Höllu Auðunardóttur um að fá umsögn frá sveitarfélaginu um stofnun lögbýlis á lóð út úr Arnheiðarstöðum. Erindinu frestað og sveitarstjóra falið að undirbúa erindið fyrir næsta fund.

Sveitarstjórn hefur borist bréf frá Jónasi Braga Hallgrímssyni sem barst stuttu fyrir fund og ekki náðist að fara yfir. Sveitarstjóra falið að svara Jónasi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:30

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

